

Almenn viðmið um skólareglur í grunnskólum

Samkvæmt reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum skal setja skólareglur í hverjum grunnskóla með skýrum viðbrögðum og viðurlögum við brotum á þeim. Undirstrikað er að úrræði og viðbrögð stuðli að jákvæðri hegðun og miði að því að auka ábyrgð og styrkja persónuþroska og hæfni nemenda. Reglurnar skulu árlega kynntar nemendum og foreldrum þeirra og birtar í starfsáætlun. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, hollustu og heilbrigðar lífsvenjur.

Í 9. grein reglugerðarinnar segir að mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu í samráði við aðila skólasamfélagsins útbúa almenn viðmið um skólareglur.

Í upphafi árs 2012 kallaði sambandið saman starfshóp, að höfðu samráði við ráðuneytið, með fulltrúum skólastjóra sem fékk það verkefni að útbúa almenn viðmið um skólareglur á grundvelli reglugerðarinnar og hvernig bregðast skyldi við brotum á þeim. Hópurinn samanstóð af fulltrúum skólastjóra og starfsmanni sambandsins.

Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að „...reglugerðin gæfi þann ramma sem skólar þyrftu til þess að útbúa eigin skólareglur og mikilvægt að undirstrika það að skólareglur væru alltaf endurspeglun á sérkennum skóla og þeirrar uppeldis- og agastefnu sem hver skóli tileinkaði sér.“ (fundarg. 020212). Þessi niðurstaða var borin undir mennta- og menningarmálaráðuneytið sem ekki gerði athugasemd. Því var ekki talin ástæða á þeim tíma að útbúa frekari viðmið um skólareglur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið lét gera könnun á framkvæmd reglugerðarinnar í nóvember og desember 2013¹. Þar var m. a. spurt „Telur þú mikla eða litla þörf á að mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga útbúi almenn viðmið um skólareglur, sbr. 9. gr. reglugerðarinnar? Í niðurstöðum kom fram að 19.9% skólastjóra töldu mikla þörf á almennum viðmiðum um skólareglur og 38.8 % töldu vera frekar mikla þörf.

Í kjölfarið var ákveðið að Samband íslenskra sveitarfélaga ásamt mennta- og menningarmálaráðuneytinu myndu kalla starfshópinn, ásamt fulltrúa ráðuneytisins, saman á ný vorið 2014 til þess að undirbúa gerð almennra viðmiða um skólareglur. Starfshópurinn fékk Guðbjörgu Jónsdóttur, fyrrum starfsmann skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, til þess að vinna drög að almennum viðmiðum um skólareglur sem grundvallast á þeim hugtökum sem talin eru upp í 9. gr. reglugerðar nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur.

Mikilvægt er þegar kemur að framkvæmd viðurlaga við alvarlegum brotum á skólareglum að málsmeðferð taki mið af stjórnsýslulögum, sérstaklega hvað við kemur andmælarétti, meðalhófi og rannsóknarreglu. Þá skal árétuð ábyrgð foreldra á uppeldi og hegðun barna sinna sbr. 5. grein reglugerðarinnar.

Við vinnu viðmiðanna fór fram umræða um mikilvægi tiltekens verklags vegna tímabundinnar brottvísunar úr skóla. Ákveðið var að skrá það niður og gera aðgengilegt: <http://www.samband.is/verkefningin/skolamal/grunnskoli/leidbeiningar-og-verklagsreglur/>. Þá má geta þess að nýútkomin meistaraþrófsrannsókn Önnu Grétu Ólafsdóttur skólastjóra um andmælarétt og velferð nemenda við brottvísun úr grunnskóla kom sér vel í vinnu samráðshópsins.

Skólar eru hvattir til að nýta sér þessi almennu viðmið við gerð og endurskoðun skólareglna auk annarra gagna sem vísað er til í skjalinu. Þá eru skólanefndir sveitarfélaga hvattar til þess að hagnýta viðmiðin við staðfestingu árlegrar starfsáætlunar grunnskóla sem inniheldur m.a. skólareglur.

Reykjavík, í mars 2015

¹ <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/7986>

Viðmið um gerð skólareglna samkvæmt reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum

Almennt um skólareglur:

Í hverjum grunnskóla skal setja skólareglur sem skylt er að fara eftir.

Skólastjóri hefur forgöngu um og ber ábyrgð á að skólareglur séu settar og þeim fylgt.

Reglurnar skulu unnar í samvinnu við skólaráð viðkomandi grunnskóla og leitast við að ná sem víðtækastri sátt um þær í skólanum.

Skólastjóri hefur endanlegt ákvörðunarvald um orðalag skólareglna ef ágreiningur kemur upp, að teknu tilliti til umsagnar fræðslufyrivalda í sveitarfélaginu.

Ár hvert skulu skólareglurnar ásamt viðurlögum við brotum á þeim kynntar nemendum og foreldrum þeirra og birtar í starfsáætlun skóla.

Fræðslufyrirvöld í sveitarfélaginu fá skólareglur til umsagnar sem hluta af starfsáætlun og staðfesta ár hvert.

Umsjónarkennarar skulu fjalla um skólareglurnar, þýðingu þeirra og hlutverk með nemendum sínum eins oft og þurfa þykir.

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þannig bera foreldrar einnig, ásamt börnum sínum, ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla og eiga að bregðast við afleiðingum hegðunar barna sinna í skóla.

Skólareglur skal endurskoða reglulega.

1. Inntak skólareglna

Við samningu skólareglna skal hafa markmið og efni reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum, nr. 1040/2011, að leiðarljósi svo og ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Skólareglur skulu vera:

- ✓ skýrar og afdráttarlausar
- ✓ í samræmi við grunnskólalög og aðalnámskrá grunnskóla
- ✓ í samræmi við réttindi barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

2. Almenn viðmið um skólareglur

Í skólareglum skal m.a. kveðið á um:

a. Almenna umgengni

- ✓ sem miðar að því að tryggja öryggi barnanna í skólanum og stuðla að velgengni þeirra í námi og starfi
- ✓ innandyra, utandyra og í ferðum á vegum skólans
- ✓ í notkun á hjólum, brettum og vélhjólum á skólatíma
- ✓ um tæki og önnur verðmæti og notkun á rafeindatækjum sem skólinn á og tækjum sem nemendur koma með í skólann
- ✓ um mynd- og hljóðupptökur á skólatíma og birtingu þeirra

b. Samskipti

- ✓ samskipti á milli nemenda
- ✓ samskipti nemenda og starfsfólks skólans
- ✓ samskipti starfsfólks skóla og foreldra og heimsóknir foreldra í skólann
- ✓ samskipti nemenda og starfsfólks við nærsamfélagið

c. Háttsemi

- ✓ venjur, siði, gildi og hegðun í skólasamfélaginu
- ✓ skólabrag

d. Skólasókn

- ✓ stundvísi í kennslustundum og skólasókn
- ✓ verklag skólans vegna tilkynninga um forföll/veikindi nemanda
- ✓ leyfisbeiðnir frá skólasókn nemenda
- ✓ tímabundnar undanþágur frá skólasókn nemenda

e. Ástundun náms

- ✓ ábyrgð nemenda á námi sínu
- ✓ ábyrgð foreldra á að nemandi stundi nám sitt
- ✓ þátttöku nemenda í prófum og öðru námsmáti
- ✓ ábyrgð á námsgögnum
- ✓ tölvunotkun/tækjanotkun í námi og kennslu

f. Hollustu og heilbrigðar lífsvenjur

- ✓ tilmæli frá skóla um hvíld, næringu, hreyfingu, hreinlæti, snyrtimennsku og heilbrigði
- ✓ bann við notkun tóbaks, áfengis og fíkniefna

g. Ábyrgð, réttindi og skyldur

- ✓ ábyrgð nemenda á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska þeirra
- ✓ rétt nemenda til að láta skoðun sína í ljós í málum sem þá varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska
- ✓ ábyrgð og skyldu nemenda að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu sem skólann varðar
- ✓ ábyrgð og skyldu nemenda að fara eftir skólareglum

Viðbrögð við brotum á skólareglum

Viðbrögð skulu vera markviss og til þess fallin að stuðla að

- ✓ jákvæðum skólabrag
- ✓ bættri hegðun
- ✓ aukinni ábyrgð
- ✓ áhuga á menntun
- ✓ sterkari sjálfsmynd
- ✓ öryggi nemenda og starfsfólks

Við ákvörðun viðbragða við einstökum brotum á skólareglum skal gæta þess

- ✓ að þau séu í samræmi við brotið og ávallt skal valið vægasta úrræðið sem er til þess fallið að ná fram settu markmiði
- ✓ að jafnræði og samræmi sé í viðbrögðum
- ✓ að tekið sé tillit til aðstæðna hvers og eins
- ✓ að foreldrar séu upplýstir um brotið
- ✓ að nemandi sé gefinn kostur að tjá sig um brotið

- ✓ að foreldrum sé gefinn kostur að tjá sig um brotið
- ✓ að foreldrum og nemanda séu kynnt úrræði fyrir nemendur í vanda, s.s hegðunarmótandi námskeið, samningar, valgreinar/pátttaka í atvinnulífi og fleira

Óheimilt er að nota skráningarkerfi á þann hátt að uppsafnaðir refsipunktur leiði sjálfvirkt til agaviðbragða, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 1040/2011.

Hegði nemandi sér í ósamræmi við skólareglur utan skólatíma telst það almennt ekki brot á skólareglum, nema þegar t.d. er um að ræða einelti eða annað ofbeldi sem á sér stað á leið nemanda til og frá skóla. Fer þá um viðbrögð í samræmi við skólareglur, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 1040/2011.

Gagnvart nemanda sem virðir ekki skólareglur, þrátt fyrir undangengnar aðvaranir og áminningar

- ✓ má taka nemanda úr kennslu og láta hann fást við önnur viðfangsefni það sem eftir lifir skóladags
- ✓ má vísa nemanda tímabundið úr kennslustundum í ákveðinni námsgrein
Tryggja þarf að nemandi sé í umsjón starfsfólks á vegum skólans á skólatíma eða í öðru kennsluúrræði innan skólans, sbr. 12. greinreglugerðar nr. 1040/2011.
- ✓ má óska eftir því að foreldri sæki viðkomandi nemanda í skólann
- ✓ má meina nemanda tímabundið þátttöku í félags- og tómstundastarfi á vegum skólans vegna agabrota í félags- og tómstundastarfi
- ✓ skal leita samstarfs við foreldra nemanda um úrlausn máls

Sé þörf á líkamlegu inngrípi í mál nemenda vegna óásættanlegrar og/eða skaðlegrar hegðunar

- ✓ skal fara eftir viðbragðsáætlun sem starfsmenn skóla hafa unnið sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 1040/2011

Ef nemandi virðir ekki skólareglur og ítrekuð brot hans á skólareglum eru alvarleg

- ✓ má vísa nemanda um stundarsakir úr skóla á meðan reynt er að finna lausn á máli hans, að hámarki eina kennsluviku
- ✓ ávallt skal leita samstarfs við foreldra og nemanda um úrlausn máls

Ef allt um þrýtur og/eða brot nemanda eru alvarleg, s.s. ef hann veldur öðrum skaða eða eignatjóni

- ✓ er heimilt að víkja honum ótímabundið úr skóla þegar allar aðrar leiðir hafa verið reyndar
- ✓ skólanefnd ber að tryggja skólavist eða önnur viðeigandi kennsluúrræði innan þriggja vikna
- ✓ ávallt skal leita samstarfs við foreldra nemanda um úrlausn máls

Brottvísun úr skóla er stjórnsluákvörðun og ber því að fara eftir ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993, við alla málsmeðferð.

Málsmeðferð vegna brota nemenda á skólareglum

- ✓ úrlausn mála skal skráð og varðveitt í skólanum
- ✓ ferli mála og ákvarðanir sem teknar eru vegna brota á skólareglum skulu vera í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín og 14. gr. reglugerðar nr. 1040/2011

Vísanir í lög, reglugerðir og alþjóðasáttmála sem lýsandi eru fyrir réttindi og skyldur nemenda í grunnskólum

Lög um grunnskóla nr. 91/2008 kafli IV og V
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

Stjórnsýslulög nr. 37/1993
<http://www.althingi.is/lagas/142/1993037.html>

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000077.html>

Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011
<http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=ee3c91b7-164b-46ab-9e21-59e3fd3720c2>

Reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín
<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=07ae16ca-cead-4338-9738-5e8705492543>

Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 585/2010
<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/585-2010>

Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010
<http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=49e415e2-dca6-4822-9b99-b2b6d1c326f4>

Reglugerð um skólagöngu fósturbarna í grunnskólum nr. 547/2012
<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=f8afd538-2b51-45fb-8ab7-b08befcbb930>

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna; 28. gr. um menntun
<http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>

Lög, reglugerðir og alþjóðlegir samningar um barnaverndarmál
<http://www.bvs.is/fagfolk/log-og-reglugerdir/>

Vísanir í leiðbeiningar, verklagsreglur og fleira, sem lýsandi eru fyrir réttindi og skyldur nemenda í grunnskólum

Leiðbeiningar og verklagsreglur á grundvelli reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011
<http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/grunnskoli/leidbeiningar-og-verklagsreglur/>

Um úrlausn erfiðra ágreiningsmála sem upp koma í starfi grunnskólans:
<http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/grunnskoli/leidbeiningar-og-verklagsreglur/>

Verklag vegna tímabundinnar brottvísunar úr grunnskóla
<http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/grunnskoli/leidbeiningar-og-verklagsreglur/>

Þjónusta við grunnskólanemendur með fjölþættan vanda. Verklagsreglur 2012
<http://reykjavik.is/verklagsreglur-thjonusta-vid-grunnskolanema-med-fjolthaettan-vanda-2012>

Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndar /Barnaverndarstofa
<http://www.bvs.is/files/file494.pdf>

Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni, nemanda eða ungmenni í leikskóla, grunnskóla eða frístundastarfi
<http://reykjavik.is/vidbrogd-vid-meintri-ovideigandi-framkomu-starfsmanns-gagnvart-barni-nemanda-eda-ungmenni-i>

Anna Gréta Ólafsdóttir, M.A. rannsókn: „Þúsund hlutir á engum tíma“ Andmælaréttur og velferð nemenda við brottvísun úr grunnskóla
<http://skemman.is/item/view/1946/19932;jsessionid=3D655C3C51E74BF27E9B1725A7331C8>
[A](#)

Reykjavík - innritun í grunnskóla
http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/Reglur_um_skolahverfi_og_innritun.pdf

Reglur um samskipti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila Reykjavíkurborgar við trúar- og lífsskoðunarfélög/2010
http://reykjavik.is/sites/default/files/Reglur_sam_ykktar_29_8_2013.pdf

Reglur um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi ásamt leiðbeinandi skema. Viðmið um útsendingar úr Mentor/2013
http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/auglysingar_reglur.leidir.vid_mid.pdf

Birting upplýsinga og myndefnis af börnum og notkun samfélagsmiðla
<http://www.heimilhogskoli.is/fyrir-foreldra/birting-upplysinga-og-myndefnis-af-bornum-og-notkun-samfelagsmidla/>

Upptaka eigna í grunnskóla
<http://barn.is/frettir/2014/04/eignanam-i-grunnskolum/>

Heilsueflandi grunnskóli
http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12346/Heilsueflandi_g